

Sp.

365. Tillaga til þingsályktunar

um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

Flm.: Jóhann Þ. Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar koma til framkvæmda heimild í 33. lið 22. gr. fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár um aukið húsrými fyrir geðveikisjúklinga.

Greinargerð.

Síðasta þing samþykkti heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta byggja við geðveikrahælið á Kleppi eða taka húsnæði á leigu fyrir geðveikisjúklinga og verja fé úr ríkissjóði til greiðslu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar hins nýja hælís.

Að sjálfstöðu hefur heimildin verið veitt, af því að brýn nauðsyn er til úrbóta í þessum efnunum og í trausti þess, að þeir, er með þessi mál fara, notuðu hana til einhverra þeirra aðgerða, sem um ræðir í heimildinni. Ástandið í þessum málum virðist vera orðið svo alvarlegt, að telja verður aðkallandi nauðsyn, að ríkisstjórnin hefjist handa til að framkvæma eitthvað af því, sem hér er fram á farið.

Þótt ekki þyki tiltækilegt að byrja nú viðbótarbyggingu á Kleppi og hafi ekki þótt í sumar, þá virðast geta komið til greina aðrar lausnir þessa máls til bráðabirgða til að gera það unnt að taka a. m. k. erfiðustu sjúklingana á spítala og leysa þannig vandræði þeirra, sem fyrir þeim verða að sjá nú á annan hátt, t. d. með afar kostnaðarsamri vörzlu sökum vöntunar á spítalaplássi fyrir þessa menn. Má í því sambandi benda á það, að nú munu hafa losnað m. a. nokkur sjúkrahús, sem setuliðið hefur haft til afnota, og er líklegt, að við þau eða eitthvert þeirra mætti notast til bráðabirgða, þar til hægt er að koma upp þeirri viðbótarbyggingu, sem fyrirhuguð er á Kleppi, en því miður hefur dregizt óhæfilega lengi að koma upp.

Flm. þessar þingsályktunartillögu er kunnugt um það, að yfirlæknirinn á Kleppi, dr. med. Helgi Tómasson, hefur einmitt og það fyrir allöngu gert tillögur til ríkisstjórnarinnar um þess konar bráðabirgðalausn, meðan annars betra húsnæðis er ekki kostur.

Ríkisstjórnin hefur enga afstöðu tekið eða treyst sér til að taka til þess, er yfirlæknirinn hefur farið fram á, að reynt yrði, og ekki heldur, svo að vitað sé, hafzt neitt að því til framdráttar, sem Alþingi ætlaðist til með samþykkt umrædds fjárlagaákvæðis. Þykir eigi mega við svo búið standa, að eigi sé gerð tilraun til úrbóta á þessu sviði — jafnalvarlega og nú horfir í þessum málum, og fyrir þeirra hluta sakir er flutt tillaga sú til þingsályktunar, er hér liggur fyrir.

Á gamla Kleppspítalanum (1907/1929) var ætlað rúm fyrir 50 sjúklinga, en þar voru að jafnaði 70. Þegar nýja spítalanum var bætt við, varð rúm fyrir 100 sjúklinga til viðbótar, en þegar á fyrsta ári, 1929—1930, bættust við á þessa spítala um 120 sjúklingar. Nú er alltaf talsverður hundradshluti þeirra sjúklinga, sem inn eru lagðir, þannig haldnir, að þeir verða „kroniskir“, sem kallað er, en það þýðir ef til vill sjúkrahúsvist í tuttugu til þrjátíu ár. Á árunum 1937—1938 var þegar svo komið, að ekki var lengur hægt að bæta sjúklingum við, en þó hefur verið neytt allra bragða af hálfu spítalastjórnarinnar til að haga svo til, að unnt væri að taka inn erfiðustu sjúklingana, eftir því sem hægt hefur verið, og svo það fólk, sem útlit hefur verið fyrir, að gæti fljótlega náð séð, — þyrfti skamma dvöl á sjúkrahúsi. T. d. hafði spítalinn til afnota húsnæði í Laugarnesspítala fyrir 12 sjúklinga árin rétt fyrir stríðið, en missti það, er setuliðið hernam hann. Þeir sjúklingar, sem þar höfðu verið, voru þá fluttir í kjallara á Kleppi, sem starfsfólkið hafði haft fyrir bústað, en það flutt með búi spítalans að Syðra-Langholti.

Hlöðu og fjósi á Kleppi var hvoru tveggja breytt í sjúkrahús og tekið í notkun árið 1942. S. 1. 2 ár hefur spítalinn haft húsrúm í sjúkrahúsi Stykkishólms fyrir

sjúklinga (18 konur) frá Kleppi, en sökum fjarlægðar eru á þessu mikil vandkvæði, því að ágerist sjúkdómur slíkra sjúklinga og verði þeir erfiðir viðfangs, verður að flytja þá aftur að Kleppi, því að vestra eru ekki tök á að hafa aðra en „rólega“ sjúklinga. — Þá hefur Reykjavíkurbær í s. l. 3—4 ár starfrækt býlið á Elliðavatni sem vistheimili fyrir geðbillaða karlmenn, sem lögheimili eiga í Reykjavík, og er vistheimili þetta starfrækt sem nokkurs konar deild úr Kleppsspítala.

Er sýnt af því, sem hér hefur verið talið, að spítalastjórnin hefur neytt ýmissa bragða til að gegna hlutverki sínu, — því að veita viðtöku til umönnunar geðbiluðum sjúklingum. Hitt er ljóst, að sjúkrapláss fyrir geðveika hafa jafnan verið of fá miðað við þörfina — og eru það enn. Ekkert hefur verið gert til að mæta eðlilegri fólksfjölgun í landinu.

Af þessu leiðir, að árlega fækkar þeim rúmum, sem hægt er að hafa til ráðstöfunar fyrir þá sjúklinga, sem sjúkrahúsvistar þarfnast.

Þar sem reynt hefur verið að láta erfiðustu sjúklingana ganga fyrir, hefur þeim fjölgað þar meir en öðrum, og er nú svo komið, að slíkir sjúklingar eru nær eingöngu eftir á Kleppi.

Við þetta hefur hlaðizt æ meira erfiði á starfsfólkið, og er það — ásamt þeirri eftirspurn, sem frá öðrum heilbrigðisstofnunum er fyrir hendi eftir starfsfólki, — að verða þess valdandi, að hjúkrunarlið spítalans er allt of fáliðað.

Nú er svo ástatt í landinu, að alls staðar eru vandræði, hvað snertir aðstoð á heimilunum. Það gerir enn örðugra að stunda sjúklinga heima, og á það ekki sízt við um geðveika. Þessi vandræði hafa aldrei verð meiri en nú. Er því enn meir en áður sótt eftir að koma sjúklingunum á sjúkrahús, enda er af yfirlækni spítalans talið víst, að ef Kleppur gæti nú tekið við sjúklingum eins og óskað væri eftir, mundu þangað leita þegar í stað um 200 nýir sjúklingar í viðbót við þá, sem fyrir eru.

Hér hefur verið reynt að skýra nokkuð málið, og mætti þó mörgu við bæta. En líklegt er, að flestum þingmönnum sé þegar fyrir fram ljós hin brýna nauðsyn, sem á því er að útvega aukið húsrúm fyrir geðbillað fólk, og að þeir telji óverjandi, að engar tilraunir séu til þess gerðar.